

SAMEIGINLEGAR YFIRLÝSINGAR
ALLRA SAMNINGSADILA

SAMEIGINLEG YFIRLÝSING
UM SAMHLIÐA STÆKKUN
EVRÓPUSAMBANDSINS OG
EVRÓPSKA EFNAHAGSSVÆÐISINS

Samningsaðilarnir leggja áherslu á mikilvægi þess að núverandi samningsaðilar og nýju samningsaðilarnir fullgildi eða samþykki samninginn tímanlega í samræmi við stjórn- skipuleg skilyrði hvers þeirra um sig til þess að unnt verði að tryggja samhliða stækkun Evrópusambandsins og Evrópska efnahagssvæðisins 1. maí 2004.

SAMEIGINLEG YFIRLÝSING
UM BEITINGU UPPRUNAREGLNA
EFTIR AÐ SAMNINGUR
UM ÞÁTTTÖKU LÝÐVELDISINS TÉKKLANDS,
LÝÐVELDISINS EISTLANDS, LÝÐVELDISINS KÝPUR,
LÝÐVELDISINS LETTLANDS, LÝÐVELDISINS LITHÁENS,
LÝÐVELDISINS UNGVERJALANDS, LÝÐVELDISINS MÖLTU,
LÝÐVELDISINS PÓLLANDS, LÝÐVELDISINS SLÓVENÍU
OG LÝÐVELDISINS SLÓVAKÍU
Á EVRÓPSKA EFNAHAGSSVÆÐINU
ÖÐLAST GILDI

1. Upprunasönnun, sem EFTA-ríki eða einn nýju samningsaðilanna gefur út á við-
eigandi hátt á grundvelli fríðindasamnings milli EFTA-ríkjanna og nýja samnings-
aðilans eða á grundvelli einhliða innlendrar lagasetningar í EFTA-ríki eða hjá
einum nýju samningsaðilanna, skal teljast sönnun á EES-fríðindauppruna, að því
tilskildu að:
 - a) upprunasönnunin og flutningsskjölin hafi verið gefin út eigi síðar en daginn
áður en samningurinn öðlaðist gildi,
 - b) upprunasönnunin sé lögð fram hjá tollyfirvöldum áður en fjórir mánuðir eru
liðnir frá því að samningurinn öðlaðist gildi.

Ef lýst hefur verið yfir innflutningi á vörum frá EFTA-ríki eða nýjum samningsaðila til nýs samningsaðila eða EFTA-ríkis, eftir því sem við á, áður en samningurinn öðlast gildi, samkvæmt því fríðindafyrirkomulagi sem er í gildi milli EFTA-ríkis og nýs samningsaðila á þeim tíma, má einnig taka gilda í EFTA-ríkjunum eða hjá nýju samningsaðilunum upprunasönnun sem er gefin út eftir á í samræmi við slíkt fyrirkomulag, að því tilskildu að hún hafi verið send tollyfirvöldum innan fjögurra mánaða frá gildistöku samningsins.

2. EFTA-ríkjunum annars vegar og Tékklandi, Eistlandi, Lettlandi, Litháen, Ungverjalandi, Póllandi, Slóveníu og Slóvakíu hins vegar er heimilt að halda í gildi leyfum sem veita stöðu „viðurkennds útflytjanda“ í samræmi við samninga sem gerðir hafa verið milli EFTA-ríkjanna annars vegar og Tékklands, Eistlands, Lettlands, Litháens, Ungverjlands, Póllands, Slóveníu og Slóvakíu hins vegar, að því tilskildu að hinir viðurkenndu útflytjendur beiti upprunareglum EES-samningsins.

Eigi síðar en einu ári eftir að nýju samningsaðilarnir gerast aðilar að samningnum skulu EFTA-ríkin og Tékkland, Eistland, Lettland, Litháen, Ungverjaland, Pólland, Slóvenía og Slóvakía skipta þessum leyfum út fyrir ný leyfi sem eru gefin út í samræmi við skilyrði sem mælt er fyrir um í bókun 4 við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið.

3. Lögbær yfirvöld í EFTA-ríkjunum og hjá nýju samningsaðilunum skulu taka til greina óskir um síðari sannprófun á upprunasönnun, sem er gefin út samkvæmt fríðindafyrirkomulagi sem um getur í 1. og 2. mgr. hér að framan, í þrjú ár eftir að upprunasönnunin er gefin út og er yfirvöldunum heimilt að leggja fram slíkar óskir í þrjú ár eftir að upprunasönnunin var samþykkt.

SAMEIGINLEG YFIRLÝSING
UM 126. GR. EES-SAMNINGSINS

Samningsaðilarnir staðfesta að tilvísanir í 126. gr. EES-samningsins í „sáttmálann um Evrópubandalagið“ og „skilyrðin sem mælt er fyrir um í sáttmálanum“ nái yfir bókun 10 um Kýpur sem fylgir sem viðauki við aðildarlögin frá 16. apríl 2003.

ADRAR YFIRLÝSINGAR
EINS EÐA FLEIRI SAMNINGSAÐILA

ALMENN, SAMEIGINLEG YFIRLÝSING EFTA-RÍKJANNA

EFTA-ríkin taka mið af yfirlýsingum sem varða EES-samninginn og fylgja lokagerð sáttmálans um aðild Lýðveldisins Tékklands, Lýðveldisins Eistlands, Lýðveldisins Kýpur, Lýðveldisins Lettlands, Lýðveldisins Litháens, Lýðveldisins Ungverjalands, Lýðveldisins Möltu, Lýðveldisins Póllands, Lýðveldisins Slóveníu og Lýðveldisins Slóvakíu að Evrópusambandinu.

EFTA-ríkin leggja áherslu á að yfirlýsingarnar, sem varða EES-samninginn og fylgja lokagerð sáttmálans sem um getur í málsgreininni hér að framan, megi ekki túlka eða beita þannig að brjóti í bága við skuldbindingar samningsaðilanna samkvæmt þessum samningi eða EES-samningnum.

SAMEIGINLEG YFIRLÝSING EFTA-RÍKJANNA UM FRELSI LAUNÞEGA TIL FLUTNINGA

EFTA-ríkin leggja áherslu á að atriði eins og aðgreining og sveigjanleiki hafi mikið vægi í fyrirkomulagi um frelsi launþega til flutninga. Þau munu leitast við að veita ríkisborgurum Tékklands, Eistlands, Lettlands, Litháens, Ungverjalands, Póllands, Slóveníu og Slóvakíu greiðari aðgang að vinnumarkaði samkvæmt landslögum til þess að flýta fyrir samræmingu réttarreglnanna. Af þessu leiðir að atvinnutækifærum ríkisborgara Tékklands, Eistlands, Lettlands, Litháens, Ungverjalands, Póllands, Slóveníu og Slóvakíu í EFTA-ríkjunum ætti að fjölga verulega eftir að þessi ríki hafa gerst aðilar. Jafnframt munu EFTA-ríkin nýta fyrirkomulagið, sem lagt er til, eins vel og unnt er til að beita réttarreglunum að fullu á sviði frelssis launþega til flutninga. Í Liechtenstein verður þetta gert í samræmi við sérstakt fyrirkomulag sem mælt er fyrir um í ákvæðum um aðlögun á tilteknum sviðum í V. viðauka (Frelsi launþega til flutninga) og VIII. viðauka (Staðfesturéttur) við EES-samninginn.

SAMEIGINLEG YFIRLÝSING EFTA-RÍKJANNA
UM INNRI MARKAÐ Á SVIÐI RAFORKU

Með tilvísun til tímabundinna ákvæða fyrir Eistland sem mælt er fyrir um í 2. tölul. 8. kafla 6. viðauka við aðildarlögin frá 16. apríl 2003 og 8. yfirlýsingu um olíuleir, innri markað á sviði raforku og tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 96/92/EB frá 19. desember 1996 um sameiginlegar reglur um innri markað á sviði raforku (raforkutilskipunina): Eistland, benda EFTA-ríkin á að í því skyni að draga úr hugsanlegri samkeppnisröskun á innri markaði á sviði raforku kann að reynast nauðsynlegt að beita verndarráðstöfunum á borð við gagnkvæmniákvæði tilskipunar 96/92/EB.

YFIRLÝSING
RÍKISSTJÓRNAR LIECHTENSTEINS

Ríkisstjórn Liechtensteins telur víst að allir samningsaðilar virði Furstadæmið Liechtenstein sem rótgróið fullvalda og viðurkennt ríki sem var hlutlaust alla fyrri heimsstyrjöld og alla seinni heimsstyrjöld.

YFIRLÝSING
LÝÐVELDISINS TÉKKLANDS
VARÐANDI EINHLIÐA YFIRLÝSINGU
FURSTADÆMISINS LIECHTENSTEINS

Lýðveldið Tékkland lýsir ánægju með gerð samnings milli umsóknarlandanna og aðila að Evrópska efnahagssvæðinu sem er mikilvægt skref í þá átt að yfirvinna sundrunu fyrri tíma í Evrópu og til frekari þróunar á vettvangi stjórn mála og efnahagsmála. Lýðveldið Tékkland er reiðubúið til samstarfs á Evrópska efnahagssvæðinu við öll aðildarríkin, að meðtöldu Furstadæminu Liechtenstein.

Að því er varðar Furstadæmið Liechtenstein hefur Lýðveldið Tékkland allt frá stofnun sýnt ótvíræðan áhuga á að koma á stjórn málasambandi við það ríki. Þegar árið 1992 sendi Tékkland ríkisstjórnnum allra landa, að meðtöldu Furstadæminu Liechtenstein, beiðni um að þær viðurkenndu Tékkland sem nýjan þjóðréttaraðila frá og með 1. janúar 1993. Var svar nær allra ríkisstjórna jákvætt en Furstadæmið Liechtenstein hefur verið undantekning fram að þessu.

Lýðveldið Tékkland lítur svo á að yfirlýsingar, sem varða ekki viðfang og tilgang samnings þessa, hafi ekkert lagagildi.

YFIRLÝSING
LÝÐVELDISINS SLÓVAKÍU
VARÐANDI EINHLIÐA YFIRLÝSINGU
FURSTADÆMISINS LIECHTENSTEINS

Lýðveldið Slóvakía lýsir ánægju með gerð samnings milli umsóknarlandanna og aðila að Evrópska efnahagssvæðinu sem er mikilvægt skref í átt til frekari þróunar á vettvangi stjórnmála og efnahagsmála í Evrópu.

Lýðveldið Slóvakía hefur allt frá stofnun viðurkennt Furstadæmið Liechtenstein sem fullvalda og sjálfstætt ríki og verið reiðubúið að koma á stjórnmalasambandi við Furstadæmið.

Lýðveldið Slóvakía lítur svo á að yfirlýsingar, sem varða ekki viðfang og tilgang samnings þessa, hafi ekkert lagagildi.

YFIRLÝSING
EISTLANDS, KÝPUR, LETTLANDS, MÖLTU OG SLÓVENÍU
UM 5. GR. BÓKUNAR 38a
UM FJÁRMAGNSKERFI EVRÓPSKA EFNAHAGSSVÆÐISINS

Eistland, Lettland, Malta og Slóvenía vilja láta það koma greinilega fram að úthlutunarlykillinn í 5. gr. var eingöngu settur saman með fjármagnskerfi Evrópska efnahagssvæðisins í huga. Það er skilningur þessara ríkja að úthlutunarlykillinn hafi ekki áhrif á tillögur, sem síðar kunna að koma fram, um úthlutunarlykla fyrir samstöðu- og þróunarsjóði bandalagsins.

YFIRLÝSING
FRAMKVÆMDASTJÓRNAR EVRÓPUBANDALAGANNA
UM UPPRUNAREGLUR FYRIR FISK
OG AÐRAR SJÁVARAFURÐIR

Framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna mun kanna hvort hagkvæmt sé að samræma upprunareglurnar fyrir 1. maí 2004.